

ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 13/2001

Eðalvörur ehf.

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi dags. 18. apríl 2001, er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála sama dag, hefur Sigurður Þórðarson f.h. Eðalvara ehf. kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2001](#), dags. 22. mars 2001. Með ákvörðun sinni taldi samkeppnisráð ekki tilefni til íhlutunar ráðsins vegna kvörtunar áfrýjanda.

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunarnefnd samkeppnismála breyti niðurstöðu samkeppnisráðs.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að ákvörðun þess verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Málavextir eru þeir að með bréfi áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar dags. 15. febrúar 2001 kvartaði hann yfir upplýsingum sem fram komu í viðtali við Dr. Luc Delmulle er birtist í blaði Heilsuverslunar Íslands hf. er fylgdi Morgunblaðinu þann 11. febrúar 2001. Taldi áfrýjandi tilgang viðtalsins að kasta rýrð á kóreanska ginsengframleiðslu, en hann flytur inn kóreanskt ginseng. Kvörtunarefni áfrýjanda var tvíþætt. Í fyrst lagi að Heilsuverslun Íslands hf. yrði bannað að auglýsa að kóreanska ginsengrótin sé eitruð og í öðru lagi að gefa í skyn að heilbrigðisástand í Kóreu sé lakara en í Kína og ræktun ginsengs þar standi ræktun í Kína langt að baki.

Málavöxtum og málsmeðferð Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er að öðru leyti lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess sem þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs þann 22. mars 2001 var tekin ákvörðun í máli þessu. Ákvörðunarorðin eru eftirfarandi:

“Ekki er tilefni til íhlutunar samkeppnisráðs í máli þessu.”

III.

Áfrýjandi bendir á að ákvörðun samkeppnisráðs byggi á seinni tíma skýringum en alls ekki auglýsingunni sjálfri eins og hún hafi birst. Þá telur áfrýjandi að samkeppnisráð hafi engar kröfur gert til auglýsandans að hann sannaði fullyrðingar sínar um notkun tilbúins áburðar og skordýraeiturs í Kóreu, gagnstætt því sem gerðist í Kína.

Af hálfu samkeppnisráðs er á því byggt að í umræddu viðtali sé því ekki haldið fram að kóreanska ginsengrótin sé eitruð, heldur sé þar fjallað um að jarðvegurinn skaðist af völdum eiturefna sem ginsengrótin gefi frá sér. Þá sé í viðtalinu ekki gerður greinarmunur á rót ræktaðri í Kóreu eða Kína, en fram komi að efnafræðilega séu gæði ginsengjurtarinnar nákvæmlega þau sömu í kóresku og kínversku ginsengi.

Samkeppnisráð bendir á að heilbrigðisástand í Kóreu og Kína sé ekki til umfjöllunar í viðtalinu. Í viðtalinu sé lýst mismunandi ræktunaraðferðum ginsengs í tveimur löndum og fram komi að viðmælanda þyki kínverska aðferðin betri. Þá sé ekki um alhæfingar að ræða.

IV.

Af hálfu áfrýjanda hafa verið lögð fram gögn sem ekki voru til staðar er samkeppnisráð tók hina áfrýjuðu ákvörðun. Samkeppnisráð gerir athugasemdir við framlagningu þeirra gagna og bendir á að þau séu hluti stjórnsýslumáls sem enn sé til meðferðar hjá Samkeppnisstofnun.

V.

Niðurstöður.

Að mati áfrýjunarnefndar samkeppnismála verður ekki ráðið af efni þess viðtals við umræddan sérfræðing, Dr. Luc Delmulle, sem birtist í kynningarblaði því frá Heilsuverslun Íslands ehf., er fylgdi Morgunblaðinu 11. febrúar 2001, að þar hafi verið fjallað með niðrandi hætti um svonefnt rautt ginseng frá Kóreu, sem áfrýjandi flytur inn og selur héraðs, þannig að varðað geti við bannákvæði samkeppnislaga. Viðtalið við sérfræðinginn er bersýnilega birt í auglýsingaskyni, en þar er þó ekki gefið í skyn að kóreanska ginsengrótin sé eitruð eða varasöm til neyslu né heldur að heilbrigðisástand sé lakara í Kóreu en í Kína, eins og áfrýjandi heldur fram að gert hafi verið. Á hinn bóginn fer sérfræðingurinn ekki dult með þá skoðun sína, að sú ræktunaraðferð ginsengs, sem notuð sé í Kína, sé betri en sú sem notuð sé í Kóreu, en

ekki verður þó talið að birting þeirrar skoðunar hans varði við 20. og 21. gr. samkeppnislaga þannig að réttlætt geti afskipti samkeppnisyfivalda.

Gögn frá áfrýjanda, sem borist hafa áfrýjunarnefnd eftir að kæra hans á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2001 hafði borist nefndinni, eru ekki þess efnis að þau fái breytt þeirri niðurstöðu, er hér var lýst.

Með vísun til þess, er hér hefur verið rakið, svo og með vísun til forsendna og rökstuðnings umræddrar ákvörðunar samkeppnisráðs, er það niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála, að ákvörðunin skuli standa óhöggð.

VI.

Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2001 skal standa óhöggð.

Reykjavík, 15. júní 2001.

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Ingveldur Einarsdóttir

[Mál þetta var endurupptekið. Sjá úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. [11/2003](#)]